

AUGLÝSING

um útgáfu starfsleyfis fyrir Barðsnes ehf., fiskmjölsverksmiðju, Sandgerði.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir fiskmjölsverksmiðju Barðsness ehf., kt. 440399-3479. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi við birtingu þess í B-deild Stjórnartíðinda, og gildir í 1 ár.

Reykjavík, 3. júní 1999.

Hollustuvernd ríkisins,

Jón Gíslason
staðgengill forstjóra.

Gunnar Steinn Jónsson
staðgengill forstöðumanns
mengunarvarna.

Nr. 373

2. júní 1999

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi íbúðarbyggðar í Fjárhúsholti, Klukkubergi, Hafnarfirði.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann 9. mars 1999 óverulega breytingu á deiliskipulagi íbúðarbyggðar í Fjárhúsholti dags. 28. janúar 1991.

Breytingin felst í því að við enda götunnar er sett snúningstorg sem er felld að núverandi bílastæðum fyrir enda húss nr. 41 og bílastæði við hliðina á húsi nr. 42 eru felld niður. Ráðhús á lóð nr. 24 og einbýlishús á nr. 30 og 38 eru felld niður og gert er ráð fyrir bílastæðum á lóðunum. Íbúðum í götunni er fækkað um 5 og bílastæðum í götunni er fjölgað um 17.

Tillagan var kynnt fyrir hagsmunaaðilum, samkvæmt 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

2. júní 1999.

Bæjarstjóri Hafnarfjarðar,

Magnús Gunnarsson.